



Framkvæmda- fréttir

13. tbl. / 12



Vestfjarðavegur, Eiði - Þverá. Framkvæmdir eru nú hafnar í Kjálkafirði og þurr moldin rýkur vel þegar stór vinnutæki eru á ferðinni. Nýr vegur verður 16 km og einnig verða gerðar tvær brýr, ein í Kjálkafirði og önnur í Mjóafirði. Verki lýkur í september 2015 og munu þá loftgæði batna í þessari fallegu sveit þegar nýr vegur með bundnu slitlagi tekur við af löngum og lélegum malarvegi. Mynd: Eiríkur Bjarnason.

Vestfjarðavegur (60) milli Bjarkalundar og Melaness í Reykhólahreppi

Drög að tillögu að matsáætlun

Heimild: vegagerdin.is 04.07.2012

Vegagerðin hefur auglýst drög að tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Vestfjarðavegi (60) milli Bjarkalundar og Melaness í Reykhólahreppi. Núverandi vegur er 41,6 km langur en nýr vegur verður 19,7-21,7 km langur, háð leiðarvali. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur um sunnanverða Vestfirði.

Drög að tillögu að matsáætlun eru kynnt á vef Vegagerðarinnar, www.vegagerdin.is, samkvæmt reglugerð 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Almenningur getur gert athugasemdir við áætlunina og er athugasemdafrestur til **7. ágúst 2012**. Athugasemdir skal

senda með tölvupósti til kristjan.kristjansson@vegagerdin.is og helga.adalgeirsdottir@vegagerdin.is, eða í pósti til Vegagerðarinnar, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík.

Í drögum að tillögu að matsáætlun gerir Vegagerðin ráð fyrir að meta umhverfisáhrif þriggja leiða en samkvæmt fréttum í fjölmiðlum undanfarna daga er líklegt að óskir berist um að fleiri leiðir verði hafðar með í matinu og mun Vegagerðin taka ákvörðun um hvort orðið verður við því þegar skilafrestur athugasemda er liðinn. Eftir það verður matsáætlunin kynnt hér í þessu blaði. ■

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

13. tbl. 20. árg. nr. 591 30. júlí 2012

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafolk. Áskrift er endurgjaldslaus.



Auglýsingar útboða

Borgarfjarðarbraut (50), vegagerð um Reykjadalssá 12-021

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í ný- og endurlögn á 2,2 km kafla Borgarfjarðarbrautar (50) og Hálsasveitarvegur (518) við Reykjadalssá.

Helstu magntölur eru:

Fylling	26.000 m ³
Fláafleygar	5.100 m ³
Skeringar	2.400 m ³
Ræsalögn	102 m
Neðra burðarlag	9.900 m ³
Efra burðarlag	3.900 m ³
Tvöföld klæðing	17.000 m ²
Fláar/rás	24.200 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 15. júlí 2013.

Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 30. júlí 2012. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.


Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 21. ágúst 2012 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Mjóafjarðarferja 2012 - 2015 12-043

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í siglingar með fólk og vörur á milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar árin 2012-2015. Þjónustan er veitt yfir vetrarmánuðina eða tímabilið frá 1. október til og með 31. maí.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) og Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði frá og með mánudeginum 30. júlí 2012. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 21. ágúst 2012 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaeyldar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst:	
	dagur, mánuður, ár	
12-026 Styrkingar og endurbætur á Norðvestursvæði, festun	2012	
12-031 Álfanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	2012	
12-030 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður, endurútboð	2012	
Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
12-021 Borgarfjarðarbraut (50), vegagerð um Reykjadalssá	30.07.12	21.08.12
12-042 Mjóafjarðarferja 2012-2015	30.07.12	21.08.12
12-019 Styrkingar og endurbætur á Suðurfjarðarvegi (96) við Breiðdalsvík	16.07.12	31.07.12
12-042 Ræsi í Dýrlæki á Mýrdalssandi	16.07.12	31.07.12
11-055 Vaðlaheiðargöng, eftirlit	25.06.12	08.08.12
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
12-012 Hringvegur (1), hringtorg við Gaulverjabæjarveg	25.06.12	10.07.12
11-048 Strandavegur (643), Djúpvvegur - Geirmundarstaðavegur	29.05.12	19.06.12
11-054 Vaðlaheiðargöng, stálbitar fyrir bráðabirgðabrá	05.09.11	27.09.11
11-042 Vaðlaheiðargöng bráðabirgðabrá fyrir vinnuumferð	29.08.11	13.09.11
11-018 Vaðlaheiðargöng	28.03.11	11.10.11
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
Ekki hefur verið gengið frá neinum samningum frá því síðasta tölublað kom út.		
Útboð fellt niður		
12-013 Þingskálavegur (286) 2012		

Umferð um Lyngdalsheiði og Suðurstrandarveg

Áður birt á vegagerdin.is 24.07.2012

Umferðin um hinn nýja Lyngdalsheiðarveg hefur aukist um átta prósent í ár og lítur úr fyrir að umferðin í ár verði að meðaltali 700 bílar á sólarhring allt árið, en umferðin var 647 bílar í fyrra.

Miðað við umferðina það sem af er sumri á Suðurstrandarvegi má reikna með að meðalumferðin í ár verði ríflega 400 bílar á sólarhring eða á bilinu 375-435 bílar.


Suðurstrandarvegur

Þegar langt er liðið á sumar er líkur til þess að meðalumferð (ÁDU) um nýjan Suðurstrandaveg verði á bilinu 375 - 435 bílar á sólarhring á vegkafla 427-04 en 320 - 350 á vegkafla 427-11 eða um 350 bílar á sólarhring fyrir alla leiðina Þorlákshöfn í Grindarvík.

Mesta umferð á einum sólarhring á vegkafla 427-04, mældist sunnudaginn 8. júlí 1.126 bílar. Um vegkafla 427-11, mældist umferðin 1.074 bílar þennan sama dag.

Lyngdalsheiði

Talsverðar líkur eru til þess að enn aukist umferð um nýjan veg yfir Lyngdalsheiði á þessu ári miðað við síðasta ár. Það sem af er ári nemur aukningin um 8 prósentum. Áætlað ÁDU fyrir 2012 er um 700 bílar á sólarhring en var 647 bílar á sólarhring árið 2011, sjá daglega þróun um Lyngdalsheiði á meðfylgjandi línuriti.



Suðurstrandarvegur.